

Miðvikudaginn 12. febrúar 1992.

Nr. 515/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Max Jónssyni.

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld. Bifreiðar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. desember 1991 samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Er það krafa ákærvaldsins, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Samkvæmt dómsgerðum sakadóms Rangárvallasýslu, sem sendar voru Hæstarétti 4. febrúar 1992, var varnaraðila gert kunnugt um kröfu ákærvaldsins 23. janúar 1992, og gerði hann grein fyrir viðhorfum sínum til hennar á dómþingi 29. s.m. Ber að skilja þau svo, að hann óski þess, að hin kærða dómsátt verði látin óhöggðu standa. Hann tekur þó fram, að aðstæður sínar hafi breyst, eftir að sáttin var gerð. Settur héraðsdómari í málinu hefur og sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 2. mgr. 174. gr. laga nr. 74/1974.

Sunnudaginn 2. júní 1991 var ákærði á heimleið frá Seljavöllum undir Eyjafjöllum, þar sem hann hafði gist nóttina áður, þegar lögreglumenn stöðvuðu akstur hans á Suðurlandsvegi laust eftir hádegið við Djúpadal í Hvolhreppi. Var ástæða þess sú, að hann ók yfir lögmæltum hámarkshraða. Við rannsókn fundust merki um áfengisáhrif í blóði hans. Ákærði kvaðst ekki hafa neytt áfengis frá því kvöldið áður og ekki fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, og skýrslur lögreglumanna gefa ekki til kynna, að hann hafi verið áberandi ölvaður. Svo stóð á fyrir ákærða, að hann hafði nýlega fengið starf við stjórn vinnuvéla, sem ökuréttindi þurfti til. Í athugasemdum héraðsdómara segir um hagi ákærða, að hann sé ungur og óráðinn og hafi áður átt erfitt uppdráttar að ýmsu leyti. Hafi verið litið til þess og starfsins við þá ákvörðun að svipta hann ekki ökuleyfi vegna akstursins í þetta sinn. Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvívegis gengist undir dómsátt vegna brota á

ákvæðum umferðarlaga um skráningu og skoðun ökutækja, og með dómsátt 7. febrúar 1991 var hann sviptur ökuleyfi einn mánuð vegna aksturs á ólöglegum hraða.

Að öllu athuguðu er ekki unnt að líta svo á, að ákærði eigi sér svo sérstakar málsbætur, að réttlætanlegt sé að beita heimildar-ákvæði síðari málsliðar 1. mgr. 102. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 við umfjöllun á verknaði hans. Var héraðsdómara þannig ekki rétt að ljúka máli þessu án þess að svipta hann ökuréttindum tiltekinn tíma vegna þess brots á 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga, sem sannað er í málinu. Ber því að fella hina kærðu dómsátt úr gildi á grundvelli 6. mgr. 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, eins og krafist er af hálfu ákæruvaldsins.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Endurrit úr sakadómsbók Rangárvallasýslu.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er sakadómur Rangárvallasýslu settur að Hlíðarvegi 4 á Hvolsvelli og þar haldinn af settum héraðsdómara, Margréti Heinreksdóttur, með undirrituðum votti.

Fyrir er tekið mál nr. 18/1991: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðarlagabrot á hendur Guðmundi Max Jónssyni.

Dómari leggur fram eftirtalin skjöl í frumriti:

nr. 1, bréf fulltrúa sýslumanns,

nr. 2, skjalaskrá.

Fyrir dómi er mættur kærði, áminntur um sannsögli.

Nafn: Guðmundur Max Jónsson.

Stétt eða atvinna: vélamaður.

Heimili: Freyvangi 3, Hellu.

Fæðingardagur: 151069-5769.

Fæðingarstaður: Selfossi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt, og kannast við ofangreint brot sitt. Hann hafi sunnudaginn 2.6.1991 ekið bifreiðinni GG-442 undir áhrifum áfengis, svo sem segi í kæru.

Hann samþykkir að greiða 15.000 kr. í sekt til ríkissjóðs til að sleppa við málsókn út af brotinu, sem varðar við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umfl. nr. 50/1987.

Alkóhól í blóði reyndist vera 0,77‰.

Sektin greiðist fyrir 16.12.1991, en ella sæti kærði varðhaldi sex daga. Málskostnaður, 5.672 kr., greiðist embætti sýslumanns fyrir sama tíma.

Rétt þykir með hliðsjón af högum kærða og sakavottorði að beita heimild 1. mgr. 102. gr. laga nr. 50/1987 til að sleppa sviptingu ökuleyfis að þessu sinni.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðara brot, sbr. 71. gr. 1. nr. 19, 1940.

Dómari lét málsókn falla niður.
